

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Málningarverksmiðjuna Hörpu hf., Stórhöfða 44, Reykjavík.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Málningarverksmiðjuna Hörpu hf., Stórhöfða 44, Reykjavík, kt. 600169-2629. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. janúar 2004.

Reykjavík, 6. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Jón Gíslason
staðgengill forstjóra.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Málningarverksmiðju Slippfélagsins í Reykjavík hf., Dugguvogi 4, Reykjavík.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Málningarverksmiðju Slippfélagsins í Reykjavík hf., kt. 600269-0549. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. janúar 2004.

Reykjavík, 6. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Jón Gíslason
staðgengill forstjóra.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

REGLUGERÐ

um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara.

1. gr.

Prófnefnd þriggja manna sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, annast námskeið og próf til viðurkenningar bókara. Prófnefnd er heimilt að fela öðrum að annast námskeið og próf samkvæmt reglugerð þessari.